

Fundargerð

293. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs (fjarfundur)

Fimmtudaginn 15. október 2020 kl. 9⁰⁰–10³⁰.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH) Gestur: Íris Gunnarsdóttir (ÍG)
Hildur Hauksdóttir (HH)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Eygerður Margrétardóttir (EM)

1. Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt, án áritunar

2. Plastumbúðir

ÓK fór yfir að á síðasta fundi var fjallað um tillögur um breytt fyrirkomulag vegna endurgjalds fyrir plastumbúðir og tillögur um upphæðir endurgjalds fyrir endurvinnslu og orkuvinnslu. ÓK sýndi glærur og fór yfir tillögur með hliðsjón af umræðum á síðasta fundi er varðar endurgjald fyrir orkuvinnslu. Stjórnarmenn ræddi tillögur um nýtt endurgjald.

Umræðu frestað.

Stjórn ræddi erindi sem þjónustuaðili hefur sent Úrvinnslusjóði um ráðstöfun blandaðra plastumbúða frá heimilum ásamt greinargerð með ósk um hækkun á endurgjaldi og að hækkunin gildi frá janúar 2020. ÓK fór yfir að staðfesting á endurvinnslu á blönduðum plastumbúðum er ekki gefin út fyrr en að efnið er selt til endurvinnsluaðila í stað þess að ráðstöfunarkvittun á efni til flokkunar hefur gilt.

Frestað

Framhaldið var umræðu frá síðasta stjórnarfundum um óhreinindahlutfall vegna endurvinnslu plastumbúða hér á landi.

Stjórn samþykkir að fela ÓK að kanna hvernig hægt yrði að standa að mati á óhreinindum og leita upplýsinga frá samstarfsaðilum Úrvinnslusjóðs í útlöndum.

Í erindi PNR, sem lagt var fram á fundinum, er óskað eftir að fyrirkomulag sem samþykkt var tímabundið í vor, um greiðslu endurgjalds vegna heyrúlluplasts sem framléitt er inná lager fyrirtækisins í Þorlákshöfn, eigi einnig við um plastumbúðir og verði gert varanlegt. Í erindinu koma fram ýmsar ábendingar og spurningar vegna endurgjalds fyrir plastumbúðir. Lögð voru fram á fundinum samskipti Úrvinnslusjóðs við PNR vegna erindisins.

Stjórn samþykkir að framlengja samning um greiðslutilhögun fyrir heyrúlluplast til 1. janúar 2021.

Þá verði jafnframt ákveðið framtíðar, fyrirkomulag við greiðslur fyrir plastumbúðir sem eru endurunnar á Íslandi.

3. Veifaræri

Farið yfir samning um veifaræraúrgang.
Frestað.

4. Pappaumbúðir

Endurgjald fyrir pappaumbúðir
Frestað.

5. Rafhlöður

Á síðasta fundi var farið yfir samanburðarskjal UAR vegna drifrafhlaða ásamt að stutt kynning var á undirbúningi fyrir væntanlega álagningu á drifrafhlöður. ÍG sagði frá því að svar liggur fyrir á erindi til Bílgreinasambandsins með spurningum varðandi það fé sem framleiðendur greiða umboðsaðilum vegna drifrafhlaða sem fara í endurvinnslu. Framleiðendur greiða eingöngu fyrir galla. ÓK sagði frá því að halda á fund með bílgreininni í dag, fimmtudag. BB upplýsti um áhuga innflytjenda að hafa með sér samstarf líkt og er um veifaræri úr gerviefnum.

6. Ársfundur

Á síðasta fundi var gerð tillaga um að halda ársfund fyrir hagaðila þar sem m.a. yrði farið yfir stöðu í fjármálum sjóðsins.
Frestað.

7. Önnur mál

LHG fór yfir að unnið er að því að innleiða rafrænar undirritanir á fundargerðum stjórnarfunda. Ákveðið að halda stjórnarfund miðvikudaginn 21. október 2020 kl. 9:00.

Næsti fundur 21. október 2020 kl. 9:00
Fundi slitið kl. 10.30